

Tilnefning Frumkvöðull ársins 2007 á Vesturlandi

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi óska eftir tilnefningum um einstaklinga sem eru þess verðir að hljóta sæmdarheitið **frumkvöðull ársins 2007** á Vesturlandi og skara fram úr í þróun nýrrar vöru, þjónustu eða viðburða í landshlutanum. Tilnefningar berist til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, eða með tölvupósti á netfangið **frumkvodull@ssv.is**. Tilnefningar þarf að rökstyðja með fáeinum orðum.

Dugnaður og frumkvæði eru mikilvægir eiginleikar í sérhverju samfélagi, ekki síst í smáum samfélögum. Þessir eiginleikar jafnvel fárra einstaklinga geta skipt sköpum um það hversu lífvænlegt er að búa í litlu samfélagi í dreifbýlinu.

Dómnefnd mun velja úr innsendum tilnefningum og tilkynna val á **frumkvöldi ársins á frumkvöðla- og nýsköpunardegi** sem haldinn verður í apríl næstkomandi.

Það sem dómnefnd mun einkum horfa til er eftirfarandi:

- 1) **Nýjabrum á svæðinu***. Nýnæmi í framkvæmdum, atvinnulífi eða félagslífi.
- 2) **Framfarir**. Hversu mikið framfaraskref er um að ræða fyrir landshlutann.
- 3) **Áræði**. Hversu mikið áræði og fyrirhyggju þurfti til að gera verk úr hugmyndinni.

(*Svæði getur náð yfir allt Vesturland eða viðkomandi sveitarfélag, allt eftir eðli starfseminnar og verður að meta það í hverju tilfelli fyrir sig.)

Tilnefningar þurfa að hafa borist fyrir 14. mars næstkomandi.



SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi